

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 27. júní 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-2/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 15. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á metanbúnaði, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér kostnað vegna viðgerðar á metanbúnaðinum.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 20. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 22. apríl. Með bréfi, dags. 28. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 5. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem fylgdu henni kemur m.a. fram að hinn 9. júní 2012 keypti álitsbeiðandi metanbúnað af seljanda af gerðinni BRC fyrir kr. 295.000. Var búnaðurinn í kjölfarið settur í bifreið hans sem var af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 2006 og annaðist Z ísetninguna. Segir álitsbeiðandi að sumarið 2013 hafi komið upp bilun í metanbúnaðinum. Hafi verið haft samband við seljanda en hann hafi ekki getað svarað því hvort hann bæri ábyrgð á biluninni. Í kjölfarið segist álitsbeiðandi hafa farið með bifreiðina á verkstæðið A sem sjái um að setja samskonar búnað í bifreiðar, en sá aðili sem hafi upphaflega séð um ísetninguna var þá gjaldþrota. Lýsir álitsbeiðandi biluninni með þeim hætti að vél bifreiðarinnar hafi þurft að ganga nokkuð lengur en áður var, þ.e. verða heitari en áður, til þess að hægt væri að kveikja á metanbúnaði hennar. Eftir skoðunina segir álitsbeiðandi að starfsmaður verkstæðisins hafi talið að metanbúnaðurinn væri bilaður en að ekki væri ljóst hvað nákvæmlega væri að honum. Fyrir skoðunina segist álitsbeiðandi hafa greitt kr. 12.000. Í kjölfarið, þ.e. hinn 16. september sl., sendi álitsbeiðandi seljanda tölvupóst og upplýsti hann um stöðu mála. Bað seljandi álitsbeiðanda um að fara aftur á verkstæði A Þar var ákveðið að prófa að skipta um þrýstijafnara í metanbúnaðnum og útvegaði seljandi nýjan þrýstijafnara. Segir álitsbeiðandi að sú viðgerð hafi hins vegar reynst árangurslaus. Loks kom í ljós, í desember sl. að gasspíss í vél bifreiðarinnar var bilaður. Skiptu A um spíssinn hinn 20. desember sl. og greiddi álitsbeiðandi kr. 86.690 fyrir viðgerðina. Segir álitsbeiðandi að eftir viðgerðina hafi metanbúnaðurinn virkað mjög vel. Hinn 20. desember sendi álitsbeiðandi seljanda tölvupóst og fór fram á að hann greiddi sér útlagðan kostnað vegna viðgerðanna. Í svari seljanda, dags. s.d., er þeirri kröfu álitsbeiðanda hafnað á þeim forsendum að seljandi fá ekki viðgerðina né varahlutina endurgreidda frá framleiðanda metanbúnaðarins, nema sótt hafi verið um ábyrgð framleiðandans áður en viðgerðin fór fram. Það hafi hins vegar ekki verið gert.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerða á metanbúnaði bifreiðarinnar, samtals kr. 98.690. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi vegna kaupa á metanbúnaði af seljanda, vegna ísetningar búnaðarins og viðgerða á búnaðinum. Þá fylgir einnig afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og seljanda.

## IV

### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er m.a. rakið að kvörtun álitsbeiðanda snúi að metanbúnaði sem seljandi hafi selt honum. Seljandi tekur hins vegar fram að hann hafi ekki séð um ísetningu á búnaðinum. Segir seljandi að hann hafi verið beðinn að útvega þrýstijafnara í bifreiðina og kveðst hann hafa gert það endurgjaldslaust. Segist seljandi ekki hafa verið beðinn um frekari varahluti og aldrei fengið senda neina áætlun um kostnað við ísetningu eða neina kröfu frá viðskiptavini um að greiða verkstæðisreikninga fyrr en eftir. Segir seljandi að eftir að álitsbeiðandi hafi látið þjónusta og hreinsa metanbúnað bifreiðarinnar hafi hann sent sér kröfu um að hann greiddi reikninginn. Þetta telur seljandi óásættanlegt þar sem með öllu sé ósannað að bilunin verði rakin til framleiðslugalla á metanbúnaðinum. Þá sé reikningurinn vegna ýmissar annarrar vinnu en útskiptingar á þeim varahlut sem seljandi lagði til án endurgjalds. Rekur seljandi að upp hafi komið tilvik héraðs undanfarin ár þar sem metangas reyndist óstöðugt frá framleiðanda. Þetta hafi getað orsakað gangtruflanir sem ekki voru tilkomnar vegna framleiðslugalla í metanbúnaðinum. Þá geti röng gasblanda skemmt út frá sér og séu þrýstijafnarar einn af þeim hlutum sem hafi skemmt vegna þessa. Verkstæði hafi gert tilraunir til að endurstilla búnað og séu dæmi um margítrekaðar endurstillingar þar sem gasblandan virðist stundum hafa verið á reiki fram og til baka. Stundum hafi verið skipt út einstaka varahlutum eins og þrýstijöfnurum eða spíssum vegna þessa. Vandamál sem þessi hafi einskorðast við Ísland og séu nánast óþekkt hjá framleiðanda á öðrum markaðssvæðum. Segir seljandi að álitsbeiðandi nefni það í þeim gögnum sem fylgi álitsbeiðninni að metanbúnaðurinn hafi ekki verið rétt upp settur af Z. Slíkt geti auðvitað orsakað bilanir. Ítrekar seljandi að hann hafi ekki komið að ísetningu búnaðarins og viðskiptavinurinn hafi greitt fyrirnefndum aðila beint fyrir ísetninguna. Bilanir sem orsakist af rangri meðhöndlun búnaðar eða rangri ísetningu verkstæðis geti fallið undir starfsábyrgðartryggingu viðkomandi verkstæðis. Hins vegar sé mun líklegra að bilunin hafi orsakast vegna galla á metangasinu.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur tilefni til að taka fram að seljandi hafi ekki útvegað alla varahluti vegna viðgerða á bifreið álitsbeiðanda. Seljandi hafi vissulega útvegað þrýstijafnara, en ekki gasspíss sem einnig var skipt um. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi virðist telja vinnulið í reikningi verkstæðisins sem snýr að því að finna bilunina, til viðhalds á búnaðinum. Þetta sé rangt. Hið rétta sé að það hafi tekið verkstæðið töluverðan tíma að greina bilunina. Þá telur álitsbeiðandi einkennilegt að kenna metangasi héraðs um bilunina. Bilunin hafi alltaf verið eins, vandinn hafi verið að finna hvað olli henni.

## VI

### Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi metanbúnað af seljanda hinn 9. júní 2012 fyrir kr. 295.000. Var búnaðurinn settur í bifreið álitsbeiðanda af þriðja aðila skömmu

eftir kaupin. Að sögn álitsbeiðandi fór að bera á bilun í búnaðinum sumarið 2013 sem lýsti sér í því að vél bifreiðarinnar þurfti að verða venju fremur heit til þess að hægt væri að virkja metanbúnaðinn. Kvartaði álitsbeiðandi að eigin sögn undan þessu við seljanda símleiddis þá um sumarið, en í síðasta lagi með tölvupósti til seljanda hinn 16. september sl. Verður ráðið af gögnum málsins að álitsbeiðandi hafi leitað þrisvar sinnum til verkstæðis sem seljandi benti á til að reyna að komast að því hvað olli bilun í búnaðinum. Fyrir fyrstu verkstæðisheimsóknina greiddi álitsbeiðandi kr. 12.000 en við þá heimsókn var búnaðurinn prófaður og talinn bilaður, án þess að orsök þess fyndist. Í annarri verkstæðisheimsókninni var skipt um þrýstijafnara sem seljandi útvegaði, en sú viðgerð bar ekki árangur. Ekki kemur fram hver greiddi fyrir þá viðgerð. Þriðja viðgerðin fór fram í desember 2013 og var þá skipt um gasspíss í vélinni. Segir álitsbeiðandi að sú viðgerð hafi borið árangur, en fyrir hana greiddi hann kr. kr. 86.690. Gerir álitsbeiðandi kröfu um að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerðanna, samtals kr. 98.690.

Álitsbeiðandi kveðst hafa kvartað undan galla við seljanda sumarið 2013. Þá kvartaði álitsbeiðandi undan galla við seljanda með tölvupósti hinn 16. september sl. Það er um einu ári og þremur mánuðum eftir að kaup fóru fram. Telur kærunefndin því óhætt að ætla að álitsbeiðandi hafa kvartað undan galla innan tímamarka 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“ og í b-lið sömu málsgreinar segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekkert hefur annað komið fram í málinu en að notkun álitsbeiðanda á hinum umdeilda metanbúnaði hafi verið eðlileg miðað við þann tilgang sem slíkum búnaði er ætlað. Engu að síður bilaði búnaðurinn eftir aðeins um árs notkun. Sé það rétt, sem seljandi heldur fram, að metangas héraendis sé hverfult og geti valdið skemmdum á metanbúnaði, verður það að teljast, almennt séð, undarlegt að slíkur búnaður sé þá yfirleitt boðinn til sölu héraendis, henti hann ekki miðað við íslenskar aðstæður, án þess að þær upplýsingar séu veittar við sölu. Er það mat kærunefndarinnar að metanbúnaður sá er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 9. júní hafi verið haldinn galla í skilningi 1. mgr. 16. gr., sbr. 15. gr. laganna. Þá telur kærunefndin ekkert benda til þess að álitsbeiðandi eigi sjálfur einhverja sök á því að búnaðurinn bilaði, né telur kærunefndin líklegt að umrædd bilun verði rakin til þess að búnaðurinn hafi verið settur í bifreiðina með ófullnægjandi hætti, líkt og seljandi virðist halda fram.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerða á metanbúnaðinum, samtals kr. 98.690. Verður að líta á kröfu álitsbeiðanda sem skaðabótakröfu skv. ákvæðum 33. gr. laganna og telur nefndin rétt að fallast á kröfunna.

**VII**

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X, kr. 98.690.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir